

Alþingi
Erindi nr. P 130/1476
komudagur 22. 3. 2004

Umhverfisstjórn
Siv Friðleifsdóttir
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

Stað, 22. mars 2004

Efni: Beiðni um að fá til skoðunar og umfjöllunar frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 594. mál, ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl.

Við norðanverðan Breiðafjörð er starfandi æðarræktardeild, ein af 11 deildum innan Æðarræktarfélag Íslands.

Deildin er sjálfstætt félag æðarbænda á svæðinu og heitir “Æðarvé” og nær félagssvæðið yfir A – Barðastrandarsýslu og Dalasýslu, en eins og kunnugt er þá er mjög öflugt æðarvarp á tugum jarða á þessu svæði. Á þessu svæði á örn jafnframt búsetu.

Höfum haft af því spurnir að til umfjöllunar á Alþingi sé frumvarp til breytinga á lögum 64/1994, þar sem verið er að kynna breytt og hert ákvæði varðandi erni o.fl.

Þar sem málið varðar mjög æðarrækt á svæðinu og þar með okkar hagsmuni, þá óskum við þess eindregið að fá ofangreint frumvarp til skoðunar og umsagnar.

Mínum á að mikilvægt er að mál sem þetta sé unnið í samráði og sátt við heimamenn og aðra þá sem málið varðar.

Virðingarfyllst,

f.h. Æðarvé

Eiríkur Snæbjörnsson ritari netfang stadur@simnet.is

Í stjórn Æðarvéa eru.

Formaður Karl Kristjánsson Kambi 380 Reykhólahreppur

Ritari Eiríkur Snæbjörnsson Stað 380 Reykhólahreppur

Gjaldkeri Sigurður Þórólfsson Innri Fagradal 371 Búðardal

Afrit sent:

Umhverfisnefnd Alþingis

Ritara Umhverfisnefndar